

## Kjörstjórn

---

Mánudaginn 23. apríl 2018 kl. 15:00 kom kjörstjórn saman til fundar á skrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20, vegna sveitarstjórnakosninga þann 26. maí n.k.

Mættir voru allir aðalmenn: Inga Lóa Hannesdóttir, Pálína Sigurjónsdóttir og Margrét Haraldardóttir. Auk þess sat fundinn Helga Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Inga Lóa Hannesdóttir formaður stýrði fundi en verkefni hans er að undirbúa sveitarstjórnarkosningar 26. maí n.k.

### 1. Frestur til að leggja fram framboðslista.

Frestur til að leggja fram framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningar í Hveragerði 26. maí 2018 rennur út laugardaginn 5. maí.

Samþykkt að kjörstjórn taki á móti framboðslistum þann dag milli kl. 11:00-12:00 á skrifstofu bæjarins.

Samþykkt að birta auglýsingu um móttöku framboðslista á heimasíðu Hveragerðisbæjar, í Dagskránni og hengja hana upp á auglýsingatöflum í bæjarfélaginu.

### 2. Kjörstaður.

Borist hefur bréf frá skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði þar sem hann leggur til að kjörstaður verði ekki í skólanum heldur í íþróttahúsinu.

Kjörstjórn óttast að í íþróttahúsinu verði of mikill kliður og leggur því til við bæjarstjórn að kjörstaður verði ekki færður fyrir sveitastjórnarkosningar 2018 en skoðað verði með annan kjörstað að þeim loknum.


### 3. Kjördeildir.

Kjörstjórn samþykkir að það verði tvær kjördeildir frá kl. 13:00 til kl. 17:00 á kjördag. Í kjördeild 1 kjósi þeir sem hafa heimilisfang frá A-I og í kjördeild 2 kjósi þeir sem hafa heimilisfang frá J-Ö.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 15:58

Inga Lóa Hannesdóttir, (sign)  
Pálína Sigurjónsdóttir, (sign)  
Margrét Haraldardóttir, (sign)  
Helga Kristjánsdóttir, (sign).



Inga Lóa Hannesdóttir  
Pálína Sigurjónsdóttir  
Margrét Haraldardóttir  
Helga Kristjánsdóttir